



Fjölnota íþróttahús í landi Vífilsstaða

Opnun tilboða í byggingu fjölnota íþróttahúss fór fram í íþróttamiðstöðinni Ásgarði, laugardaginn 19. maí 2018, kl. 11.00.

Viðstaddir voru fulltrúar bjóðenda og verkkaupa.

Bjóðendur voru spurðir um athugasemdir vegna framkvæmdar útboðsins. Engar aths. Komu fram.

Allir bjóðendur skiluðu inn tilboði og einn þeirra skilaði tveim tilboðum. Matsnefnd hefur farið yfir innsendar tillögur og gefið þeim einkunn sem færð er yfir á stuðulinn 1,00 – 1,10. Nefndin er einhuga í mati sínu á tillögunum.

Tilboðsgjafi tillögu 10155 skilaði inn tveim tillögum, þar sem breyting frá aðaltillögu felst í útfærslu á ofanljósi og utanhússklæðningum.

Tilboðsgjafi tillögu 21000S gerir athugasemd við grein 0.5.4 í alútboðsgögnum, telur að verkkaupi gangi of langt með þeim skilmálum sem þar eru settir og áskilur sér rétt til að hafna þessum skilmálum varðandi að skaðabætur komi ofan á dagsektir, komi tilboð hans til greina.

Tilboðsgjafi tillögu 75853A gerir tvö frávíkstilboð,

Nr. 1 að íþróttasalur verði meira bogalaga, að yfirborð þaks í íþróttasal verði með sendnum grænleikum þakpappa í stað úthagatorfs, náttúruleg loftræsing við stórviðburði og að kótasetningar verði yfirfarnar og samræmdar með verkkaupa.

Nr. 2 Eins og nr.1 og til viðbótar að húsið verði fært til suðurs upp að Vífilsstaðavegi.

Matsnefndin telur að frávíkstilboð tilboðsgjafa 75853A standi ekki kröfur útboðsgagna og skilmála deiliskipulags og verða því ekki teknar til mats.

Það er niðurstaða matsnefnda að allar tillögurnar séu vel unnar og metnaðarfullar, þó svo að lausnir séu mismunandi.

Nefndin var einhuga í niðurstöðu sinni og gefur tillögunum eftirfarandi einkunn:

- | | |
|-------------------|-------|
| • Tillaga 10155 | 1,030 |
| • Tillaga 2 10155 | 1,030 |
| • Tillaga 21000 S | 1,049 |
| • Tillaga 75853A | 1,050 |
| • Tillaga 99899X | 1.092 |

Umslag 2 var síðan opnað og lesin upp nöfn tilboðsgjafa ásamt tilboðsupphæð. Einkunn er deilt upp í tilboðsverð og fæst þar reiknað hagstæðasta tilboð.

Tillaga	Nafn bjóðanda	Einkunn	Tilboðsverð	Reiknað verð
Tillaga 10155	Eykt ehf.	1,030	5.497.349.500	5.337.232.524
Tillaga 2_10155	Eykt ehf.	1,030	5.217.349.500	5.065.387.864
Tillaga 21000S	Ístak hf.	1,049	5.629.845.405	5.366.868.832
Tillaga 75853A	Íslenskir aðalv. hf.	1,050	4.249.561.579	4.047.201.504
Tillaga 99899X	Munck Íslandi	1,092	4.582.424.370	4.196.359.313

Matsnefnd mun nú farar yfir verðtilboð með tilliti til ákvæða útboðsgagna og skila endanlegu álit og umsögn sinni til verkkaupa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.xx

Undirskrift fundarmanna